

Óli Björn Kárason

Flokkur í ólgusjó

Sjálfstæðisflokkurinn á við innri og ytri vanda að glíma. Takist flokksnum ekki að leysa vandann er líklegt að hann verði ekki lengur stærsta og áhrifamesta stjórn málafl landsins. Staða flokksins hefur aldrei, á síðari tímum, verið viðkvæmari og erfiðari.

Flokksmenn eru ekki samstiga í afstöðunni til aðildar að Evrópusambandinu, erfiðleikar í efnahagsmálum hafa dregið úr vinsældum Geirs H. Haarde og sú mynd að ríkisstjórn hans standi ráðalaus og aðgerðalítill gagnvart efnahagslegum þrengingum hefur með réttu eða röngu náð að festa sig í hugum landsmanna. Pólitískur sirkus í Reykjavík hefur dregið úr trúverðugleika forystumanna flokksins sem virtust lengi vel aðeins berja höfðinu við steininn. Engu var líkara en að þeir neituðu að horfast í augu við erfiðan veruleika. Ekkert hefur skaðað Sjálfstæðisflokkinn meira en sá pólitíski hringlandaháttur og stefnuleysi sem einkenndi allt starf borgarstjórnarflokksins undir það síðasta. Hanna Birna Kristjánsdóttir, sem nú hefur sest í sæti borgarstjóra, á því erfitt verk fyrir höndum. Hún þarf að endurreisa flokkinn í Reykjavík og hefja hann aftur til vegs og virðingar. Slíkt er ekki gert á einni nóttu. Á sama tíma hefur Sjálfstæðisflokkurinn opnað helsta pólitíska andstæðingi sínum leiðir til að láta sverfa til stáls og særa flokkinn djúpu sári sem mun seint gróa.

Fyrir gamlan stuðningsmann Sjálfstæðisflokksins hefur verið erfitt að horfa upp á

hvernig þeir, sem valist hafa til forystu fyrir flokkinn á Alþingi og í borgarstjórn, hafa haldið á málum á undanförunum misserum. Þó ég hafi ekki tekið þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins í nær tvo áratugi er taugin römm og kannski þess vegna er ég harðari gagnrýnandi á forystu Sjálfstæðisflokksins en ella.

Ungir menn til forystu

Á margan hátt var erfitt að gangast við því að vera fylgismaður Sjálfstæðisflokksins þegar ég var að alast upp. Umhverfið á Sauðárkróki á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar var ekki sérstaklega vinalagt gagnvart hægrimönnum. Og þrátt fyrir að tilheyra Bakarísfjölskyldunni – íhaldinu á Króknum – varðist ég (að sumu leyti í misskilinni tilraun til sjálfstæðis) að ganga í Sjálfstæðisflokkinn, þó auðvitað hefði ég frá unga aldri verið notaður sem sendill á kjördag milli kjörstaðar og flokksskrifstofunnar.

Það var ekki fyrr en árið 1981 að ég tók þá ákvörðun að taka fullan þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins. Þá blésu nýir og ferskir vindar um samtök ungra hægri manna eftir langvarandi niðurlægingu. Á þingi Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) í Hnífsdal sumarið 1981 var Geir H. Haarde kjörinn formaður. Öllum sem þar voru var ljóst að kominn var fram á svið stjórnmalanna ungur og velmenntaður maður sem gæti endurreist SUS og hafið samtök hægri manna aftur til

fyrri virðingar og áhrifa. Það gekk eftir. SUS eignaðist formann með nýjar hugmyndir, sem setti þær fram af festu og myndugleik. Mér er til efs að samtök ungra sjálfstæðismanna hafi nokkurn tímann haft meiri áhrif en þegar Geir H. Haarde veitti þeim forystu.

Árið eftir – vorið 1982 – var Reykjavíkurborg endurheimt úr höndum vinstri manna. Annar ungur maður – Davíð Oddsson – leiddi flokkinn til glæsilegs sigurs og markaði upphafið af miklu framfaraskeiði í Reykjavík og síðar landinu öllu.

Í upphafi níunda áratugarins var því bjartar yfir Sjálfstæðisflokknum en verið hafði lengi, þrátt fyrir að Gunnar Thoroddsen hefði sagt skilið við meirihluta flokksmanna við myndun ríkisstjórnar 1983. Kynslóðaskipti voru framundan og fram á sviðið höfðu stigið ungir karlar og konur með mikla hæfileika til að leiða Sjálfstæðisflokkinn til frekari landvinninga. Þó hér séu aðeins tveir nefndir til sögunnar þá voru fleiri sem miklar vonir voru bundnar við. Í flestu stóðu þessir einstaklingar undir vonum. Framtíðin var því sjálfstæðismanna og í hönd fóru yfir tuttugu ár þar sem sjálfstæðismenn sáu stoltir margar af grunnhugsjónum sínum komast til framkvæmda. Fyrir eldri sjálfstæðismenn var 10. áratugurinn eins konar „dégjavu“ frá Viðreisnarárænum, þegar flokkurinn leiddi íslenskt samfélag inn í nútíma vestrænna þjóða og grunnur að velferð þjóðarinnar var lagður.

Árangur Sjálfstæðisflokksins á tíunda áratug síðustu aldar og fyrstu árum nýrrar aldar er óumdeildur, þó auðvitað hafi verið tekin feilspor og ekki allt náðst fram sem að var stefnt. En Sjálfstæðisflokkurinn undirbjó jarðveginn að mesta framfaraskeiði íslensks samfélags, þar sem athafnaþrá ungra fullhuga var virkjuð. Sótt var fram á flestum sviðum og íslenskir athafnamenn öðluðust þrótt og þor til að sækja til annarra landa. Sú saga verður ekki rakin hér en í sumu var farið of hratt og af of lítilli fyrirhyggju. Íslenskt samfélag er

sterkara og öflugra en áður, þó erfitt sé að taka til eftir gleðihöldin.

Ef horft er til verka Sjálfstæðisflokksins á umliðnum árum ætti staða flokksins því að vera sterk. Forystumenn hans ættu að vera í stakk búnir til að takast á við efnahagslega erfiðleika – taka erfiðar ákvarðanir enda með mikla pólitíska inneign. Svo er þó ekki. Staða flokksins er erfið og inneignin hefur rýrnað hratt og er orðin lítil sem engin, enda sólundað með ótrúlegum hætti.

Pólitísk útleð?

Í mörgu er svipað komið fyrir Sjálfstæðisflokknum og breska Íhaldsflokknum eftir að Margaret Thatcher lét af embætti og John Major tók við sem forsætisráðherra. Eftir 18 ár við völd hófst löng pólitísk útleð árið 1997 þegar Tony Blair leiddi Verkamannaflokkinn til sigurs í kosningum. Íhaldsflokkurinn var helsærður og hver leiðtogi eftir annan náði ekki vopnum sínum. Flokkurinn var klofinn í afstöðunni til Evrópusambandsins og ágreiningur um ýmis grundvallarmál einkenndi starf íhaldsmanna.

Ef sjálfstæðismönnum auðnast ekki að leysa þau vandamál sem blasa við getur flokkurinn átt á hættu að verða dæmdur í pólitíska útleð með svipuðum hætti og breski Íhaldsflokkurinn. Vandí Sjálfstæðisflokksins er hins vegar í nokkru meiri en breskra íhaldsmanna, þar sem forystumenn hans hafa alið við brjóst sér pólitíska nöðru í mynd Samfylkingarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn er einnig ólíkur Íhaldsflokknum í mörgu enda ekki hreinn hægriflokkur, heldur bandalag borgaralegra afla þar sem sósíaldemókratískir þræðir hafa verið ofnir við hugmyndir frjálshyggju og sýnd hefur verið festa í utanríkis- og varnarmálum.

Ástæður vanda Sjálfstæðisflokksins eru margar, sumar heimatilbúnar en aðrar hluti af eðlilegri þróun flokks, sem stóð fasta varðstöðu í kalda stríðinu og hafði sigur auk

Þess að koma til leiðar einni umfangsmestu einkavæðingu á Vesturlöndum. Vandinn nú er þessi: Flokksmenn eru ekki lengur samstiga í grundvallarmálum. Þeir eru klofnir í afstöðunni til aðildar að Evrópusambandinu – utanríkismál sameina því flokksmenn ekki líkt og áður þegar átökin stóðu um aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamning við Bandaríkin. Samheldni í utanríkismálum hefur verið eitt sterkasta límið til að halda sjálfstæðismönnum í einum flokki. Óeining í utanríkismálum getur því hæglega leitt til þess að samheldnin bresti. Þetta vita andstæðingar flokksins og meðal annars þess vegna leggja þeir á stundum áherslu á aðild að Evrópusambandinu – í þeirri von, að með því takist þeim að veikja Sjálfstæðisflokkinn, hvað sem málinu sjálfu líður. Öllum er ljóst, að Ísland verður aldrei aðili að Evrópusambandinu nema forystumenn Sjálfstæðisflokksins leggist á þær árar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið akkeri í utanríkismálum Íslands allt frá stofnun lýðveldis. Á sama tíma og aðrir flokkar hafa sveiflast eftir vindi hefur Sjálfstæðisflokkurinn fylgt stefnu sem tryggð hefur sjálfstæði landsins, yfirráð þess yfir auðlindum og forræði yfir eigin málum. Þetta hefur meðal annars verið gert í samstarfi við ríki Vestur-Evrópu en fyrst og fremst við Bandaríkin. Forystumenn Sjálfstæðisflokksins hafa tal-að sömu tungu í utanríkismálum og þeim hefur auðnast að jafna ágreining sín á milli, án þess að hlaupa með hann á torg. Þeir hafa komið fram sem ein órofa heild. Festa í utanríkismálum hefur verið forsenda til sóknar til bættra lífskjara hér á landi á und-anförnum áratugum. Þessi festa er ekki fyrir hendi með sama hætti og áður.

En Evrópusambandið er ekki eini fleygurinn á milli liðsmanna Sjálfstæðisflokksins.

Innan Sjálfstæðisflokksins er mikil óánægja með það hvernig haldið hefur verið á ríkisfjármálum og hvernig ríkisbáknið hefur þanist út í valdatíð flokksins allt frá 1991. Útgjöld ríkissjóðs hafa hækkað um liðlega

58% að raunvirði frá því að flokkurinn komst til valda. Á liðnu ári hækkuðu ríkisútgjöld um 58 þúsund milljónir eða um 714 þúsund krónur á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Mér er til efs að landsmönnum finnst sem þjónusta hins opinbera hafi batnað í réttu hlutfalli við aukin útgjöld.

Í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins hafa eftirlitsstofnanir sprottið upp eins og gorkúlur og eru orðnar að sérstökum iðnaði. Þrátt fyrir umfangsmikla einkavæðingu er stór hluti efnahagslífsins í raun án samkeppni og ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins virðist ekki vilja ganga rösklega til verks í þeim efnum. Úrelt kerfi í landbúnaði er enn við lýði undir sérstökum verndarvæng Sjálfstæðisflokksins. Aðgreining á því hver greiðir og hver veitir þjónustu í heilbrigðiskerfinu hefur ekki náð fram að ganga og afleiðingin er sú að þjónustan er verri og dýrari með tilheyrandi biðlistum. Í hugum margra stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins hefur virðing fyrir opinberu fé farið þverrandi hjá kjörnum fulltrúum flokksins, jafnt í ríki og borg.

Auðvitað hefur alltaf verið deilt um stefnumál meðal sjálfstæðismanna – slíkt er eðlilegt og nauðsynlegt í stjórnmálastarfi – en að lokum hafa þeir borið gæfu til að ná saman. Aðeins persónulegir hagsmunir nokkurra manna hafa náð að sundra. En flokksmenn geta ekki gengið að því sem vísu að gæfan verði þeim hliðholl í framtíðinni.

Flest bendir því til þess að málefnalegur ágreiningur muni aukast innan Sjálfstæðisflokksins á komandi mánuðum og misserum, en ágreiningur um vinnubrögð og stjórnunarhætti mun einnig kristallast í innri átökum um menn og málefni.

Vandi Sjálfstæðisflokksins liggur einnig í því að tengsl áhrifamanna í atvinnulífinu við stjórnmálin hafa breyst. Samband þeirra við Sjálfstæðisflokkinn er ekki hið sama og áður. Ástæðurnar eru fyrst og fremst tvær. Í fyrsta lagi verður ekki betur séð en að gjá

hafi myndast milli atvinnulífsins og forystu flokksins um grundvallarmál s.s. um skipan peningamála. Í annan stað hafa forystumenn í atvinnulífinu ekki lengur áhuga á stjórnmálum, a.m.k. ekki með sama hætti og áður. Kynslóðaskipti í atvinnulífinu, þar sem ungir menn hafa tekið við, hafa orðið til þess að veikja Sjálfstæðisflokkinn. Ungir athafnamenn vilja fá frið til að stunda sín viðskipti en skilja á hinn bóginn ekki að frelsi þeirra var og er ekki sjálfgefið. Í hugum þeirra skiptir litlu hvort Sjálfstæðisflokkurinn eða Samfylkingin leiða ríkisstjórn.

Forráðamenn atvinnurekenda og launþega hafa lengi verið kjölfesta í starfi og stefnu flokksins. Þegar kjölfestan brestur verður erfðara en áður að sigla í ólugsjó.

Pólítískur bjarghringur til andstæðinga

Morgunblaðið leit á tímum Styrmis Gunnarssonar og Matthíasar Johannessen á sig sem nokkurs konar innri rödd Sjálfstæðisflokksins – flokkssamvisku. Blaðið lagði eindregið gegn myndun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar vorið 2007. Matthías var þá horfinn af vettvangi og Styrmir sat einn á stóli ritstjóra. Í leiðurum og Staksteinum var Samfylkingin gagnrýnd og öllum var ljóst að ritstjórn Morgunblaðsins hafði miklar efasemdir um ágæti þess að Geir H. Haarde myndaði ríkisstjórn í samstarfi við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Gagnrýni Styrmis Gunnarssonar á Samfylkinguna og samstarf sjálfstæðismanna við Ingibjörgu Sólrúnu endurómáði hug margra flokksmanna.

Í hugum margra sjálfstæðismanna svipar Samfylkingunni, sem stjórn mála flokki, um of til stjórnmalamannsins Ólafs Ragnars Grímssonar. Hvorugt hefur pólítíska sannfæringu, stundar hentistefnu, leggjast flöt að fótum auðmanna í þeirri von að fá sess við borð hinna efnameiri, kynnast hóglífí auðmanna og fá nasasjón af lífsstíl í krafti auðlegðar, þau

líta bæði á sig sem menntamenn og leggja auð, völd og menntahroka að jöfnu.

Þeir í hópi sjálfstæðismanna sem lagt hafa mesta fæð á Ólaf Ragnar Grímsson vegna framgöngu hans í stjórnmálum, allt frá ótrúlegum fruntaskap hans í garð Hafskipsmanna, til hreins ofbeldis gagnvart atvinnulífinu sem fjármálaráðherra, auk fláræðis hans í utanríkis- og öryggismálum, eiga erfitt með að sætta sig við að Sjálfstæðisflokkurinn hafi tekið höndum saman við Samfylkinguna, Þeir líta einfaldlega á hana sem „systurflokk“ Ólafs Ragnars.

Ekki þurfti mikla pólítíska spekinga til að átta sig á því að alþingiskosningarnar í maí á liðnu ári væru ögurstund fyrir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur formann Samfylkingarinnar. Niðurstaðan var áfall fyrir formanninn og Samfylkinguna. Flokkurinn tapaði liðlega 4% fylgi. Fylgið minnkaði í öllum kjördæmum en mest í Reykjavík norður þar sem fallið var hvorki meira né minna en 7,1 prósentustig.

„Og þá og því aðeins skiptir niðurstaðan í þessu formannskjöri máli, að hún leiði okkur til sigurs í þeim kosningum sem framundan eru. Þar liggur okkar sögulega tækifæri,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir við flokksmenn Samfylkingarinnar þegar hún hafði sigrað svila sinn Össur Skarphéðinsson í formannskjöri í maí 2005. Þegar hún hafði verið formaður í tvö ár og leitt flokkinn í gegnum kosningar vorið 2007, var staða hans verri en fyrir valdatöku hennar.

Pólítísk staða Ingibjargar Sólrúnar var því í besta falli tvísýn og raunar hafa fylgismenn hennar haldið því fram að hún hafi verið á leið út úr stjórnmálum eftir að úrslit kosninganna 2007 lágu fyrir. Ingibjörg Sólrún og Samfylkingin áttu hins vegar hauka í horni. Forystumenn Sjálfstæðisflokksins ákváðu að kasta til hennar bjarghring og mynda ríkisstjórn með Samfylkingunni. Pólítísk áhrif Ingibjargar Sólrúnar og Samfylkingarinnar voru því endurnýjuð og

flokknum gefið nýtt líf í samkeppni við Sjálfstæðisflokkinn, eins og skoðanakannanir hafa leitt í ljós. Sjálfstæðisflokkurinn minnkar samkvæmt könnunum og stendur höllum fæti en samfylkingarfólk hefur fyllst þeirri von á ný, að flokkur þeirra geti orðið stærsta stjórn málaafli á landinu. Kjósendur höfnuðu því að veita Samfylkingunni „hið sögulega tækifæri“ sem Ingibjörg Sólrún talaði um eftir að hafa tekið við völdum í flokknum. Sjálfstæðisflokkurinn ákvað hins vegar að rétta henni það á silfurfati, þrátt fyrir neikvæðan dóm kjósenda yfir henni.

Undir lok janúars 2008 birti Fréttablaðið skoðanakönnun sem sýndi, að Samfylkingin væri í mikilli sókn á landsvísu með tæp 35% stuðning á sama tíma og Sjálfstæðisflokkurinn fengi svipað og í kosningum þegar 36,6% kjósenda lögðu honum lið. Með öðrum orðum: stjórnarflokkarnir voru nær jafnstórir. Þetta varð höfundur Staksteina Morgunblaðsins að umtalsefni, og hélt þar Styrmir Gunnarsson þáverandi ritstjóri blaðsins örugglega um pennann. Svo var ritað í Staksteinum 1. febrúar:

Samkvæmt þessari skoðanakönnun er Samfylkingin á góðri leið með að ná Sjálfstæðisflokknum í fylgi á landsvísu.

Hvað veldur?

Það er augljóst.

Sú ákvörðun forystumanna Sjálfstæðisflokksins að leiða Samfylkinguna inn í ríkisstjórn er nú að sækja þá heim með afdrifaríkum hætti.

Það blasir við að aðild Samfylkingar að ríkisstjórn eflir flokkinn, eins og við mátti búast. Sjálfstæðisflokkurinn hefur með þessu stjórnarsamstarfi skapað helzta keppinaut sínum í íslenskum stjórnámálum mjög sterka vígstöðu og sóknarfæri.

Vafalaust valda svo ákveðnir þættir í myndun nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur Sjálfstæðisflokknum erfiðleikum og draga úr fylgi við hann í þessari könnun.

Hvernig ætla forystumenn Sjálfstæðisflokksins að bregðast við?

Ætla þeir að láta sem ekkert sé og bíða eftir því að í næstu könnun komist Samfylkingin yfir Sjálfstæðisflokkinn í fylgi?

Þetta sjónarmið Staksteinahöfundar endurspeglar skoðun margra sjálfstæðismanna til stjórnarsamstarfsins. Ágreiningurinn innan Sjálfstæðisflokksins er því ekki aðeins hugmyndafræðilegur heldur markast hann einnig af ólíkum skoðunum á pólitískri herfræði og vinnubrögðum. Samstarfið við Samfylkinguna er fleinn í holdi sjálfstæðismanna með svipuðum hætti og afstaðan til Evrópusambandsins.

Ný skoðanakönnun Gallups, sem birt var í byrjun september, bendir til að Samfylkingin njóti meira fylgis en Sjálfstæðisflokkurinn. Fylgismenn Sjálfstæðisflokksins hljóta að spyrja hvernig það geti gerst að flokkurinn glati forystuhlutverki sínu í íslenskum stjórnámálum. Í huga gamals stuðningsmanns er svarið einfalt: Í fyrsta lagi ákvað Sjálfstæðisflokkurinn að draga Samfylkinguna að landi og bjarga samfylkingum úr ólgusjó með því að mynda samsteypustjórn þessara flokka. Í annan stað hefur borgarfulltrúum sjálfstæðismanna verið svo mislagðar hendur að flokkurinn hefur haft af ómældan skaða um allt land. Það eru því ekki aðeins sjálfstæðismenn í Reykjavík, heldur út um allt land, sem binda vonir við að nýjum borgarstjóra takist að hefja Sjálfstæðisflokkinn aftur til vegs og virðingar.

Styrmir Gunnarsson hefur auk þess fært fyrir því sannfærandi rök í Reykjavíkurbréfi, að með samstarfinu við Samfylkinguna hafi Sjálfstæðisflokkurinn gert þau strategísku mistök að útiloka vinstri græna og skapa þannig Samfylkingunni meira svigrúm á hinu pólitíska taflborði en felst í stjórnarþátttökunni einni.

Eymdin í Reykjavík

Í fyrsta skipti í sögu Sjálfstæðisflokksins hafa flokksmenn orðið vitni að því að fulltrúar hans í höfuðborginni hafa reynst ekki aðeins úrræðalausir, heldur miklu fremur óhæfir sem heild, til að gæta hagsmuna borgarbúa.

Vandræðagangur sjálfstæðismanna í borgarstjórn hefur valdið flokknum ómældum skaða á landsvísu.

Fram á síðustu ár hefur verið samhengi á milli velgengni flokksins í höfuðborginni og í öðrum kjördæmum. Borgarfulltrúar sjálfstæðismanna neituðu lengi að horfast í augu við þessa einföldu staðreynd.

Eyðimerkurganga Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn hefur líkst forspili að harmleik. Forysta flokksins var lömuð gagnvart eymdinni og hvorki formaður né varaformaður flokksins virtust þess umkominn að leiða hina villuráfandi „sauði“ í borgarstjórn á rétta slóð. Þvert á móti horfðu þau Geir H. Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir á borgina „brenna“. Aðgerðaleysi þeirra var algjört – og slíku eru sjálfstæðismenn ekki vanir af leiðtogum sínum, að minnsta kosti ekki í seinni tíð, svo að ekki sé vísað til fyrri áratuga. Þegar erfiðleikar stéðja að í stóru og smáu (að ekki sé talað um í höfuðborginni sjálfri), telja flokksmenn ekkert brýnna en að forustan gangi í málið og leysi vandann. Það gerðist ekki. Forysta Sjálfstæðisflokksins birtist mönnum eins og lömuð og hún forðaðist að takast á við vandann. Hún stakk höfðinu í sandinn líkt og strúturinn. Trúverðugleiki flokksins beið því hnekki og þar með var erfiðara fyrir ríkisstjórnina að koma fram með sannfærandi hætti og takast á við efnahagslega erfiðleika. Hin pólitíska inneign flokksins frá á síðustu árum, er nær uppurin.

Afleiðingin er sú að Sjálfstæðisflokkurinn á, að óbreyttu, litla möguleika á því að ná meirihluta í borgarstjórn að tveimur árum liðnum. Þvert á móti bendir flest til þess að fulltrúar sjálfstæðismanna í borgarstjórn hafi rétt meirihlutann til Samfylkingarinnar á silfurfati. Það er hins vegar í stíl við annað sem flokkurinn hefur tekið sér fyrir hendur á síðustu mánuðum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur skipulega verið að afhenda Samfylkingunni ótrúleg völd og skapa flokknum tækifæri til að setjast í sæti Sjálfstæðisflokksins,

sem áhrifamesti stjórn mála flokkur landins. Skoðanakannanir benda til þess að Samfylkingin eigi raunhæfan möguleika á að ná hreinum meirihluta í borgarstjórn í næstu kosningum og draumur samfylkingarfólks um að verða stærsti stjórn mála flokkurinn á Alþingi er ekki jafnfjarlægur og áður. Ekki verður betur séð en sameiginlega hafi leiðtogar sjálfstæðismanna í borgarstjórn og ríkisstjórn veikt flokkin á þann veg, að hans bíði pólitísk útleð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, leiðtogi sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavík-ur, bar gæfu til þess að binda enda á samstarfið við Ólaf F. Magnússon – samstarf sem aldrei átti að verða og var aðeins dæmi um pólitíska skammsýni og skort á dómgreind. Ef haldið er rétt á málum getur samvinna við framsóknarmenn markað nýtt upphaf í borgarstjórn. Hanna Birna býr yfir þeim hæfileikum, sem þarf til að snúa vörn í sókn, svo að flokkurinn komist aftur til vegs og virðingar í Reykjavík en verkefnið er erfit og síður en svo einfalt. Takist Hönnu Birnu á hinn bóginn að leiða sjálfstæðismenn út úr hinni pólitíska eyðimerkurgöngu, vinnur hún afrek og um leið opnast henni allar dyr til frekari frama í stjórn málum.

Sagt hefur verið að munurinn á meðalmenni í stjórn málum og leiðtoga felist í því hvernig tekist er á við vandamál. Flestir geta sinnt leiðtogahlutverki þegar vindar eru hagstæðir, en þegar á móti blæs reynir á hæfileika manna til að stýra skútunni. Eftir nær stöðugan meðbyr í tuttugu ár er líkt og hæfileikinn til að mæta mótbyr hafi gleymst hjá kjörnum fulltrúum Sjálfstæðisflokksins.

Raunveruleg hætta

Sjálfstæðisflokkurinn hefur áður staðið frammi fyrir vanda. Innri átök um völd einkenndi og eitruði allt starf flokksins á áttunda áratugnum, en það var langur vegur frá því að flokkurinn liðaðist í sundur þó

andstæðingar hans reyndu að reka fleyg milli flokksmanna. Jafnvel myndun ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsen árið 1980 náði ekki að sundra Sjálfstæðisflokknum.

Klofningsframboð Alberts Guðmundssonar undir merkjum Borgaraflokksins og síðar furðulegt upphlaup Sverris Herannssonar sem stofnaði Frjálslynda flokkinn, voru áföll fyrir Sjálfstæðisflokkinn en langt frá því að stefna honum í hættu þar sem klofningsframboðin voru fyrst og fremst í kringum einstaklinga og hagsmuni þeirra þótt reynt væri að búa þau í búning hugmynda eins og í kringum kvótakerfið.

Í upphafi mátti öllum vera ljóst að bæði klofningsframboðin hefðu, í versta falli, aðeins tímabundin áhrif á stærsta flokk landsins. Borgaraflokkurinn leið undir lok og flestir flokksmennirnir „komu heim“. Frjálslyndi flokkurinn er enn við lýði, þó undirstöðurnar séu ekki traustar enda hefur guðfaðirinn yfirgefið flokkinn (eftir að dóttirin fékk ekki þann frama sem að var stefnt, enda flokkurinn í upphafi stofnaður um persónulega hagsmuni en ekki hugsjónir).

Sjálfstæðisflokkurinn sigldi lygnan sjó og raunar með meðbyr í seglin frá því að Geir H. Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tóku við forystunni árið 2005 og fram á þetta ár. En nú blæs hressilega á móti flokknum. Í fyrsta skipti reynir því verulega á forystuhæfileika formanns og varaformanns.

Hættan sem stæðjar að Sjálfstæðisflokknum nú er allt önnur og alvarlegri en þegar Albert Guðmundsson og Sverrir Hermannsson ákváðu að segja skilið við hann, eða þegar nokkrir þingmenn flokksins gengu þvert gegn meirihluta flokksins og mynduðu ríkisstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn stendur höllum fæti í borgarstjórn, gjá hefur myndast milli atvinnulífs og flokksforystu, samstarf við Samfylkinguna hefur gefið flokknum sem skilgreinir sig sem höfuðandstæðing Sjálfstæðisflokksins áður óþekkt tækifæri og síðast en ekki síst er

afstaðan til Evrópusambandsins fleinn í holdi sjálfstæðismanna.

Ég hef ekki verið virkur þátttakandi í starfi Sjálfstæðisflokksins undanfarin ár. Grunnur lífsskoðana minna er hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins, en ég hef ekki átt samleið með flokknum í einu og öllu. Á síðustu árum hefur leiðir skilið æ meira. Ég hef ekki fjarlægst flokkinn – flokkurinn hefur fjarlægst mig og þau grunnstef, sem hafa markað allt starf og stefnu hans.

Þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokknum hafi tekist að hrinda mörgum af helstu stefnumálum sínum í framkvæmd, meðal annars með einkavæðingu banka og nokkurra ríkisfyrirtækja, er langur vegur frá því að allir þingmenn flokksins hafi verið trúir hugsjónum fylgismanna sinna. Útgjöld ríkisins hafa þanist út og umsvif hins opinbera hafa aldrei verið meiri, eins og áður segir. Skiptir engu hvaða mælikvarði er notaður. Ábyrgðarleysi við stjórn ríkisfjármála hefur leitt til þess að ekki hefur verið hægt að reka skynsamlega peningastefnu og efnahagslegir erfiðleikar sem við Íslendingar glímum við eru þess vegna miklu meiri en ella. Hugmyndafræði ræður ekki lengur ferð heldur „praktísk pólitík“ sem miðar fyrst og fremst að því að verja þingsæti á kostnað skoðana og stefnufestu. Með fáum heiðarlegum undantekningum er þingflokkur Sjálfstæðisflokksins skipaður fólki sem sýnir meiri áhuga á því að sitja á þingi og þiggja þokkaleg laun en að berjast fyrir framgangi hugmynda.

Sjálfstæðisflokkurinn stendur á krossgötum og glímur við innri og ytri vanda. Hvernig forystumönnum og liðsmönnum flokksins tekst að leysa vandann getur haft gríðarleg áhrif á þróun íslenskra stjórn mála og þjóðfélagsins alls. Hagsmunirnir sem eru í húfi eru miklir og þar skipta hagsmunir Sjálfstæðisflokksins minnstu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur á síðustu áratugum verið kjölfesta í íslenskum stjórn málum og ef sú kjölfesta brestur getur þjóðfélagið allt skaðast.